



UMSK

Victor Ingi Olsen, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 16. nóvember 2023

**Efni: Lög Skotfélags Kópavogs**

Framkvæmdastjórn ÍSí hefur tekið fyrir breytingar á lögum Skotfélags Kópavogs. Stuðst var við álit laganefndar ÍSí.

Að ósk félagsins eru lögini lesin yfir í heild sinni þar sem líklegt er að fyrri lagabreytingar hafi ekki skilað sér til ÍSí til staðfestingar.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar:

## **2. grein**

Þarna vantar inn með skýrari hætti að iðkun skotíþróttar sé einn helsti tilgangur félagsins. Samræma þarf málfar í tölulíðum.

## **3. grein**

Félagsaðild á að vera öllum frjáls, sbr. grein 5.2.f) í lögum ÍSí. Ekki mega vera aðrar takmarkanir á þátttöku í félagsstarfi en þær sem ytri aðstæður, t.d. þjálfunaraðstæður, leyfa. Það er því ekki heimilt að binda félagsaðild við samþykkt stjórnar eða ríkisborgararétt.

## **5. grein**

Færa þarf síðustu setningu greinarinnar yfir í grein 15, þar sem fjallað er um slit á félaginu.

## **7. grein**

Væntanlega er verið að vísa til annarra viðurkenndra alþjóðasambanda um skotíþróttir og væri æskilegt að tilgreina það í fyrri setningu greinarinnar.

## **10. grein**

Þar sem boðunarfrestur aðalfundar er rúmur þá væri æskilegt að lagabreytingatillögum sé skilað viku eða tveimur vikum eftir boðun fundar svo kynna megi tillögurnar fyrir félagsmönnum áður en til fundar er komið.

Ekki er heimilt að breyta lögum eða kjósa stjórn á aukaaðalfundi, nema bráðabirgðastjórn ef kjörin stjórn verður af einhverjum ástæðum óstarfhæf. Breyta þarf texta um aukaaðalfund, til samræmis við framangreint.

## **12. grein**

Starfsheitið endurskoðandi er lögverndað og því má ekki nota orðið „endurskoðaðir“ nema ársreikningar séu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Ef reikningar félagsins eru skoðaðir af félagskjörnum skoðunarmönnum þá verður að nota orðið „skoðaðir“ í lögum félagsins.

## **14. grein**

Í greininni er að finna eftirfarandi texta: „Um viðurlög við brotum samkvæmt reglum um öryggi og umgengni á æfingasvæðum vísast til laga ÍSí.

Hafa þarf tilvísunina skýrari, þ.e. til hvaða ákvæða í lögum ÍSí er vísað.

## **15. grein**

Tilgreina þarf í fundarboði að fjalla eigi um slit á félaginu. Einnig er ráðlagt að aukinn meirihluta atkvæða þurfi til að slíta félaginu, líkt og gildir um lagabreytingar.






Inn í lögina mætti bæta ákvæði um gildistöku laganna, þ.e. að lög þessi taki gildi um leið og þau hafa verið staðfest af UMSK og ÍSí.

Æskilegt er að hafa neðst í lögnum (ekki þó sem ákvæði/grein) yfirlit yfir það hvenær lögnum var breytt þannig að alltaf sé ljóst hvaða útgáfa er í gildi og auðvelda heimildarakningu í aðalfundargerðum ef til þarf að taka.

Framkvæmdastjórn ÍSí staðfesti lögina með fyrirvara um ofangreindar lagfæringar. Vinsamlegast komið ofangreindu á framfæri við félagið og sendið ÍSí eintak af lagfærðum lögum þess þegar fjallað hefur verið um þau á viðeigandi vettvangi þess.

Með kveðju,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

  
Halla Kjartansdóttir  
sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs